

Ráðstefna og aðalfundur  
Samtaka Forstöðumanna  
Sundstaða á Íslandi  
2005

Fundargerð

Fundurinn haldinn í Kópavogi í Versölum 14 Október 2005.

Ráðstefnuna setti formaður félagsins Ólafur Gunnarsson kl. 10:00.

Bauð formaður fundarmenn velkomna á rússnesku í tilefni rússneskra daga í Kópavogi. Hann bauð félagi sérstaklega velkomna á 10 ára afmælisfund félagsins. Hann sagði síðan frá góðu boði Kópavogsbæjar um að halda fundinn þar en Kópavogur heldur einmitt upp á 50 ára afmæli bæjarins. Hann bauð þá sem nýjir voru sérstaklega velkomna og síðan stóðu fundarmenn upp og kynntu sig.

Síðan tók við Rússnesk kosning, enda rússneskir dagar, á fundarstjóra og fundarritara sem voru Guðmundur Harðarson sem ráðstefnustjóra og Hartmann Kárason sem ritara.

Guðmundur tók síðan við fundinum og gerði grein fyrir dagskrá ráðstefnunnar.

Dagskráin:

Kl. 10:00 Aðalfundur SFSÍ 2005 - sjá aðalfundargerð.

Kl. 11:30 Matarhlé

Kl. 12:30 Aðalfundur SFSÍ 2005 - sjá aðalfundargerð.

Kl. 13:30 Skoðunarferð og fræðsluferð um Kópavog.

Kl. 19:00 Hátíðarkvöldverður í Glersalnum í Kópavogi.

AÐALFUNDUR SFSÍ

Haldinn í Kópavogi í Versölum 14. Október 2005

Kl. 10:00 Aðalfundur SFSÍ

Dagskrá aðalfundar skv. lögum félagsins

Formaður bauð alla fundarmenn velkomna til fundarins.

Gerði hann að tillögu sinni að Guðmundur Harðarson yrði fundarstjóri og fundarritari Hartmann Kárason og var það bæði samþykkt.

Gengið var til dagskrár.

Skýrsla stjórnar SFSI árið 2004 - 2005

Stjórnina skipuðu:

Ólafur Gunnarsson, formaður  
Jón Hjálmarsson, gjaldkeri  
Hartmann Kárason, ritari  
Pétur Birgisson, meðstjórnandi  
Hafsteinn Ingibergsson, meðstjórnandi

Samtök forstöðumanna sundstaða á Íslandi voru stofnuð í Kópavogi þann 24.mars 1995. Stofnfélagar voru 26, í dag eru 60 sund- og baðstaðir aðilar að samtökunum með alls 67 skráða félaga.

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá stofnun samtakanna hafa þau eflst og dafnað, má þar nefna að tilnefndir hafa verið fulltrúar í ráð- og nefndir á vegum opinbera aðila, auk þess sem ýmis málefni hafa borist á borð stjórnar.

Afmælisárið var rólegt, ekki bárust nein formleg erindi eða umsagnir á borð stjórnar á liðnu stjórnarári.

Stjórnarfundir urðu alls sjö á árinu auk samskipta í síma og með rafpósti.

Eitt af þeim málum sem oftast koma upp á stjórnarfundum eru málefni samtakanna, hvernig eflum við samtökin sem heild.

Í byrjun árs hófst undirbúningsvinna að útgáfu handbókar fyrir sund- og baðstaði.

Áætlað var að hægt yrði að dreifa bókinni á þessum tímamótum í sögu samtakanna, en vegna ýmissa örðugleika gekk það ekki eftir.

Umhverfi heimasíðunnar var endurhannað og er fyrsta áfanga lokið.

Það er von stjórnar að félagar taki þessi nýja vef-viðmóti vel og jafnframt að þeir kynni sér hvaða möguleikar og nýjungar eru í boði.

Allar tekjur sem aflast með auglýsingum á heimasíðu SFSI renna óskiptar í Fræðslu og styrktarsjóð sem hefur það að markmiði að auðvelda félögum að kynna sér ýmis málefni er snerta vinnu þeirra sem stjórnendur sund- og baðstaða, hvort sem er með þátttöku í námsskeiðum, ráðstefnum og/eða fræðslu- og skoðunarferðum.

Auk auglýsingatekna kemur framlag úr félagssjóði.

Gildi heimasíðunar sem auglýsingamiðill er mikið, þetta er ódýr og auðveld leið fyrir byrgja til að koma vöru og þjónustu á framfæri.

Ágætu félagar, kynnið byrgjum ykkar heimasíðu samtakanna og stuðlið um leið að sterkum Fræðslu og styrktarsjóð, það er okkar hagar.

Félagar í SFSI sem skráð hafa netföng fá sendan netpóst frá International lifesaving federation (ILS) sem SFSI er aðili að í samstarfi við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu. Dansk Svømmebadstekning Forening sem sendir reglulega frá sér ýmsan fróðleik, auk þess að standa fyrir ráðstefnum af ýmsum toga er snerta okkar starfsstaði.

Auk þess er ýmsum fróðleik dreift til félagsmanna t.d. Badmästaren sem kemur út ársfjórðungslega.

Stjórn SFSI hvetur félagsmenn til að fylgjast vel með og kynna sér öll málefni er snerta okkar starfsstaði.

Til að félagið geti látið að sér kveða þarf virkan félagsanda, hafa áhuga á framförum, endurbótum og veita stjórn þess hverju sinni virkan stuðning sem og aðhald, látið því ekki ykkar eftir liggja í því að koma skoðunum ykkar á framfæri.

Gerum gott félag enn betra, sýnum samstöðu.  
Verum á varðbergi um þau málefni sem snerta okkar vinnustaði.

Október 2005  
F.h. stjórnar  
Ólafur Gunnarsson, formaður

Að ræðu formanns lokinni tók gjaldkeri til máls og flutti reikningsskil.  
Ársreikningar lagðir fram  
Jón Hjálmarsson, gjaldkeri, lagði fram ársreikning SFSÍ og fór lauslega yfir hana. Tekjur ársins voru rúmar 450 þús en gjöld voru upp á rúmlega 300 þús. Þetta gerir hagnað upp á tæplega 150 þús kr.  
Tekjur styrktar og fræðslusjóðs voru rúmlega 280 þús en gjöld kr. 0 eignir sjóðsins eru nú kr. 1.156.880

Guðmundur bauð mönnum síðan að koma með spurningar um skýrslu stjórnar og ársreikninga.  
Engar spurningar komu og voru ársreikningar samþykktir.

Lagabreytingar - Engar lagabreytingar voru.

Árgjald - Samþykkt var að það yrði óbreytt eða 10.000 kr.

Kosning stjórnar  
Kosning stjórnar samkvæmt 4 gr. laga.  
Úr stjórn áttu að ganga Jón Hjálmarsson, Hafsteinn Ingibergsson og Pétur Birgisson. Þeir voru allir endurkjörnir til tveggja ára.  
Hartmann og Ólafur eiga eitt ár eftir.

Skoðunarmenn reikninga:  
Stefán Kjartansson er hættur en í hans stað var Guðmundur Ísidórsson kosinn og Gunnar Hallsson var kosinn áfram.  
Vildís Guðmundsdóttir var kosin til vara.

Kjörnefnd var endurkjörin en í henni eru:  
Guðmundur Harðarson  
Vignir Sveinsson  
Daníel Pétursson formaður kjörnefndar

Ólafur sté í pontu og óskaði eftir að fleiri sýndu áhuga á framboðum þannig að við myndum fá alvöru alvörkosningar.

Önnur mál

Félagið - Guðrún Arna Gylfadóttir (Vesturbæjarlaug)  
Guðrún Arna (Vesturbæjarlaug) lagði fram spurningu um hvað félagið væri að gera til að efla félagið. Ólafur fór aðeins yfir það sem gert er í dag en sagði að eflaust væri hægt að gera betur og óskaði einnig eftir óskum félagsmanna.  
Hann sagði frá þeirri hugmynd að félagið sendi menn á mismunandi landshluta til þess að kenna á hin ýmsu kerfi (sjá betur síðar í öðrum málum).  
Guðmundur fundarstjóri tók síðan við og bætti við að félagið hefði staðið fyrir fyrirlestrum á hverju ári frá stofnun. Einnig sagði hann frá Handbók sem væri í smíðum og nýrri heimasíðu sem verið er að taka í notkun.

Styrkir úr styrktarsjóði - Kristín Gísladóttir (Bláa Lóninu)  
Kristín frá Bláa Lóninu kom með spurningum um hvernig sótt væri um styrki í fræðslusjóðnum. Jón Hjálmarsson kom og svaraði því.

Erindi frá Félag íslenskra æskuliðsfulltrúa á Íslandi (FÍÆT) - Ólafur Gunnarsson  
Ólafur sagði frá erindi frá FÍÆT:  
"FÍÆT óskar eftir samstarfi um ráðstefnu ásamt FÉFÍ (Félag forstöðumanna íþróttahúsa) um starfsemi og sundlaugarmannvirkja og kynningu á þeim fjölbreyttu samningum sem mörg sveitarfélög eru búin að gera sérstaklega þar sem gerðir eru samningar um blandaðan rekstur sveitarfélaga og einkageirans.  
Eins er ástæða til að ræða hvernig koma megi á fræðslu fyrir starfsfólk íþróttamiðstöðva og sundlauga en okkur hefur fundist að starfsfólk í þessum geira fái ekki nóga fræðslu um hin margvíslegu mál sem koma að starfinu bæði varðandi tæknimál, samskiptamál og fl. sem beint tengist starfinu." Undir þetta ritar Indriði Jósafatsson

Guðmundur tók erindið upp síðar frá FÍÆT og samþykkti fundurinn að fela stjórn að ganga í þetta samstarf.

Samtökin og erindi FÍÆT - Daníel Pétursson (Suðurbæjarlaug)  
Daníel ræddi um tilgang samtakana og ræddi um ánægju sína um samtökin og hvað þau hefðu gert mikið en hann rifjaði upp þegar hann byrjaði þá gat hann ekki leitað til neinna en staðan væri önnur í dag.  
Hann studdi síðan erindi FÍÆT.

Vítt og breitt - Gísli Kristinn Lórenzon (Akureyri)  
Gísli fór vítt og breitt. Hann ræddi meðal annars um hvernig ætti að beita sér til að fá peninga til að framkvæma enda hafa framkvæmdir verið miklar fyrir norðan.  
Hann ræddi síðan um gjaldskrá. Hann nefndi dæmi um verð á nokkrum stöðum og hvað Reykjavíkurborg væri leiðandi í því að halda verði niðri sem væri miður. Fólk kvartaði hjá

honum yfir 300 kr því í Rvk væri gjaldið 250 kr. Þetta gjald væri allt of lítið. Hann sagði einnig frá því að hann væri búinn að taka við sundlauginni í Hrísey en hún hefði verið byggð fyrir c.a. 20 árum og greinilegt að peninga hefði vantað til að klára þá laug. Hann sagði frá því að einn blöndunartankurinn hefði vantað því peninga vantaði og þeir hefðu tæmt laugina einu sinni í mánuði - þvílík vitleysa. Verð í þessa laug var 200 kr.

Hann óskaði eftir því að verð væri samræmt - allsstaðar 300 kr. Hann vill að forstöðumenn skipti sér af verðlagningu og rekstri meira.

Hann talaði einnig um ábyrgð forstöðumanna um að halda vel utan um sínar laugar. Bæði hvað varðar öryggi, mórál og fl.

Hann ræddi að lokum hvernig hann stæði að því að farið væri í ferðir árlega og þá væri alltaf einhverir óbreyttir starfsmenn með í för.

Verð - Hafliði Halldórsson

Hafliði kom upp og hélt áfram umræðu um verð í sundlaugar. Hann nefndi sem dæmi að fyrir nokkrum árum hefði kostað 160 kr í sund og 50 kr í strætó. Svo var það hækkað í 220 kr á báðum stöðum. Þetta sýndi bara hversu erfitt væri að fá verðið hækkað og sundlaugar hefðu greinilega sitið eftir.

Ýmislegt

Erlingur Jóhannsson kom upp og þakkaði fyrir að sér væri boðið. Hann svaraði síðan Hafliða um rekstur á Húsdýragarðinum og Erlingur fór aðeins í gegnum það. Hvernig garðurinn fengi fyrirtæki í lið með sér og hann tók alls ekki fyrir það að sundlaugar gætu farið þá leið.

Hann staðfesti síðan Gísla í sambandi við ábyrgð forstöðumanna. Hann nefndi þó að forstöðumaður gæti afsalað sér ábyrgð með skriflegum samningi t.d. þegar íþróttasalur væri leigður. Ekki væri nóg að gera það munnlega.

Hann benti síðan á að vönduð námskeið væru á boðstólnum hjá Dansk Svømmebadstekning Forening og vísaði á heimasíðu þess félags: <http://www.svommebad.dk/>

Erlingur ræddi síðan um hversu heppnir Íslendingar væru með vatnið sitt en sem dæmi nefndi hann að vatn í Danmörku væri óbáðhæft fyrir en eftir hreinsun.

Að lokum sagði hann frá áhyggjum sínum með alla þessa pottasölu sem væri í landinu í dag. Hann hafði áhyggjur með hreinlæti og öryggi í þeim en vonandi yrði það í lagi.

Fræðsla úti á landi - Ólafur Gunnarsson

Ólafur sagði frá hugmynd um að farið yrði í ferðir á vegum félagsins út á land og haldin námskeið. Nokkrir fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með það og stjórn hvatt til þess að framkvæma þetta.

Ferð til Þýskalands - Ólafur Gunnarsson

Ólafur sagði frá hugmynd stjórnar um að fara til Þýskalands í mars-apríl á næsta ári og styrkja þá ferð veglega með peningum úr fræðslusjóðnum.

Seinna á fundinum tók Daníel frá Suðurbæjarlaug til máls og spurði hvort það væri ekki skýrt að styrktarsjóður myndi greiða niður fargjald og jafnvel fleira. Ólafur svaraði þessu játandi.

Kl. 12:00 - Hlé var gert á aðalfundi og matur snæddur.

Kl. 12:30 - Ný heimasíða

Jónas Frans Markaðsstjóri og Ástþór forritari frá fyrirtækinu Dacoda kynntu nýja heimasíðu sem verið var að hleypa af stokkunum. Hann sýndi mönnum hvernig þeir geta nýtt sér

vefinn. Mönnum leyst mjög vel á þetta.

Jón Hjálmarsson kom síðar upp og stakk upp á því að menn myndu bæta við þeim möguleika að geta verið með skoðanakannanir inn á innri vefnum og þá mætti t.d. kjósa um hvort ætti að fara erlendis.

Aðalfundur - Gísli Kristinn Lórenzon

Gísli tók til máls og sagði frá því að Akureyrarbær býður til þess að halda aðalfund 2006 fyrir norðan. Hann bauð menn sérstaklega velkomna í sundlaugina í Hrísey - meira að segja frítt ;)

Ólafur sleit síðan velheppnuðum fundi.